

Föstudaginn 28. september 1951.

Kærumálið nr. 23/1951.

Magnús Jósefsson

gegn

Finni Þorsteinssyni.

Setudómarar próf. Ármann Snævarr
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd.
Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Árna
Tryggvasonar.

Um öflun skýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936 að leggja fyrir héraðsdóm að veita aðiljum færi á:

1. Að láta gera uppdrátt af landi því, sem deilt er um. Ber að marka á hann línur þær, sem aðiljar miða kröfur sínar við, svo og örnefni þau, er að þeim lúta.

2. Að skýra nánar kröfur sínar í aðalmálinu og á hverjum málsástæðum þær eru reistar.

Ályktarorð:

Héraðsdómur skal veita aðiljum kost á öflun framan-
greindra gagna.